Jólatré úr krókódílahekli

með eða án ljósaseríu

Garn: Scheepjes Twinkle, 1 dokka.

Heklunál: 4-5 mm, fer eftir hversu gisið tréð á að vera.

Frágangur: Tréð er stífað með sykurvatni, blandað 50/50 vatn og sykur. Garnið dekkist aðeins eftir að það hefur verið stífað. Látið tréð liggja í sykurleginum í um 5-10 mínútur meðan garnið dregur í sig vökvann, vindið mesta vökvann úr trénu áður en það er strekkt á frauðkeilu og látið þorna. Á meðan tréð er að þorna er gott að ýfa upp laufin á trénu, nema neðstu laufin því á þeim stendur tréð.

Ef setja skal seríu í tréð er betra að nota stærri heklunál og strekkja vel á trénu þegar það er sett á frauðkeiluna. Þannig myndast göt sem hægt er að setja perustæðin í.

ATH að velja seríu sem hitnar lítið.

Krókódílahekl

Heklið einkennist af stoðumferðum og laufaumferðum sem eru heklaðar til skiptis. Fjöldi laufa ræðst af fjölda stoða. Í stoðumferðunum er alltaf heklaðar fleiri stoðir en lauf í laufaumferðum, því laufin eru hekluð í aðra hverja stoð. Stoðir samanstanda af 2 stuðlum hlið við hlið og eru laufin hekluð í þessa stuðla. Þegar laufin eru hekluð þarf að snúa stykkinu ýmist til hægri eða vinstri eftir því hvor helmingur laufsins er heklaður.

© Handverkskúnst 2018. Þessi uppskrift er til einkanota,
ekki gefa hana áfram heldur bentu á hvar hægt er að nálgast hana frítt

Skammstafanir: L – lykkja, LL – loftlykkja, KL – keðjulykkja, ST – stuðull, sl. – sleppa

Heklið 42 LL, tengið í hring með KL.

1. umf – Stoðumferð: Heklið 3 LL (telst sem 1 ST), 1 ST í sömu L og KL var gerð, 2 LL, *sl. 2 L, 2 ST í næstu L, 2 LL* endurtakið frá * að * út umf, lokið umf með KL í 3. LL af þeim þrem sem gerðar voru í byrjun. (14 stuðlastoðir)

2. umf - Laufaumferð: Heklið 3 LL (telst sem 1 ST), heklið 4 ST utan um og niður niður ST úr fyrri umf, 1 LL, 5 ST utan um og upp næsta ST, þá hefur verið heklað 1 lauf, *sl. næstu stuðlastoð og heklið laufblað utan um þarnæstu stuðlastoð, 5 ST utan um og niður fyrri ST, 1 LL, 5 ST utan um og upp seinni ST*, endurtakið frá * að* út umf og munið að hekla í aðrahverja stuðlastoð, lokið umf með KL í 3. LL af þeim þrem sem gerðar voru í byrjun og látið nálina fara í gegnum laufið og stoðumferðina fyrir afran áður en bandið er sótt. (7 lauf)

3. umf – Stoðumferð: Heklið 3 LL, 1 ST í sömu L (í bilið milli tveggja laufa, gott er að fara líka á milli ST úr fyrri stoðumferð), *2 LL, 2 ST í miðju næsta laufs, 2 LL, 2 ST á milli laufa*, endurtakið frá * að * út umf, lokið umf með KL í 3 LL af þeim þrem sem gerðar voru í byrjun.

4. umf: Endurtakið 2. umf.

5. umf: Heklið eins og í 3. umf en heklið 1 LL á milli stuðlastoða í stað 2 LL.

6. umf: Endurtakið 2. umf

7. umf: Heklið eins og í 5. umf en heklið engar LL og bara 1 ST í miðju laufanna.

8. umf: Endurtakið 2. umf.

Þá eru komnar 4 laufaumferðir með 7 laufum í hverri umferð.

9. umf: Í þessari umferð er stoðunum fækkað svo laufin verði 6 en ekki 7, því eru stoðirnar ekki allar á sama stað. Heklið 3 LL (telst sem 1 ST), 1 ST á sama stað, 1 LL, 2 ST efst vinstra megin í næsta lauf, 1 LL, 2 ST efst vinstra megin í þarnæsta lauf, 1 LL, 2 ST í miðju næsta laufs, 1 LL, 2 ST á milli laufa, 1 LL, 2 ST í miðju laufs, 1 LL, 2 ST efst hægra megin í næsta lauf, 1 LL, 2 ST efst vinstra megin í sama lauf, 1 LL, 2 ST efst hægra megin í næsta lauf, 1 LL, 2 ST í miðju sama laufs, 1 LL, 2 ST á milli laufa, 1 LL, 2 ST í miðju næsta laufs, 1 LL, lokið umf með KL í 3. LL af þeim þrem sem gerðar voru í byrjun. (12 stuðlastoðir)

10. umf: Endurtakið 2. umf. (6 lauf)

11.-14. umf: Endurtakið 7. umf og 2. umf til skiptis, 2 sinnum hver umferð, alls 4 umferðir.

15. umf: Endurtakið 5. umf.

16. umf: Endurtakið 2. umf.

17. umf: Endurtakið 7. umf.

18. umf: Endurtakið 2. umf.

Þá eru komnar 5 laufaumferðir með 6 laufum í hverri umferð.

© Handverkskúnst 2018. Þessi uppskrift er til einkanota,
ekki gefa hana áfram heldur bentu á hvar hægt er að nálgast hana frítt

19. umf: Í þessari umferð er stoðunum fækkað aftur. Heklið 3 LL (telst sem 1 ST), 1 ST á sama stað, 1 LL, 2 ST efst vinstra megin í næsta lauf, 1 LL, 2 ST efst vinstra megin í þarnæsta lauf, 1 LL, 2 ST í miðju næsta laufs, 1 LL, 2 ST efst hægra megin í næsta lauf, 1 LL, 2 ST á milli laufa, 1 LL, 2 ST í miðju næsta laufs, 1 LL, 2 ST vinstra megin í næsta lauf, 1 LL, lokið umf með KL í 3. LL af þeim þrem sem gerðar voru í byrjun.

20. umf: Endurtakið 2. umf. (4 lauf)

21. umf: Endurtakið 5. umf.

22. umf: Endurtakið 2. umf.

23. umf: Endurtakið 7. umf.

24. umf: Endurtakið 2. umf.

25. umf: Í þessari umferð er stoðunum fækkað aftur. Heklið 3 LL (telst sem 1 ST), 1 ST á sama stað, 2 ST efst vinstra megin í næsta lauf, 2 ST efst vinstra megin í þarnæsta lauf, 2 ST í miðju næsta laufs, 2 ST á milli laufa, 2 ST vinstra megin í sama lauf, lokið umf með KL í 3. LL af þeim þrem sem gerðar voru í byrjun.

26. umf: Endurtakið 2. umf. (3 lauf)

27. umf: Heklið 3 LL (telst sem 1 ST), 1 ST á sama stað, 2 ST í næsta bil á milli laufa, 2 ST í næsta bil á milli laufa, lokið umf með KL í 3. LL af þeim þrem sem gerðar voru í byrjun.

28. umf: Endurtakið 2. umf.

Gangið frá endum og stífið tréð.

© Handverkskúnst 2018. Þessi uppskrift er til einkanota,
ekki gefa hana áfram heldur bentu á hvar hægt er að nálgast hana frítt